

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/1338
komudagur 26.2.2003



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. febrúar 2003

BSRB hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 96/2000 um jafnan rétt kvenna og karla, 50. mál.

BSRB tekur undir tillöguna og vísar til umsagnar jafnréttisnefndar BSRB á sínum tíma um frumvarp til laga um jafna stöðu kvenna og karla sem varð að lögum árið 2000. Þar segir m.a. að BSRB telji nauðsynlegt að kærunefnd jafnréttismála fái úrskurðarvald í ágreiningsefnum málsaðila. Umsögnin fylgir hér með.

f.h. BSRB

Svanhildur Halldórsdóttir
Svanhildur Halldórsdóttir

AFRIT

Reykjavík, 2. mars 2000

Nefndasvið Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Umsögn BSRB um frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, 272. mál, heildarlög.

Jafnréttisnefnd BSRB hefur tekið ofangreint frumvarp til umsagnar og hefur eftirfarandi athugasemdir fram að færa:

Samkvæmt 3. gr. frumvarpsins skipar félagsmálaráðherra framkvæmdastjóra Skrifstofu jafnréttismála og annast skrifstofan verkefni í umboði félagsmálaráðherra. Í umsögn BSRB um frumvarp til jafnréttislaga, 498. mál, dags. 21. febrúar 1999, telur BSRB það réttara að auka sjálfstæði Skrifstofu jafnréttismála gagnvart félagsmálaráðherra þar sem framgangur jafnréttismála getur stangast á við pólitískan vilja ráðherrans og leggur BSRB áfram áherslu á það í þessari umsögn.

Ef það yrði hins vegar vilji Alþingis að gera Skrifstofu jafnréttismála að stofnun sem heyrir undir félagsmálaráðherra og setja á fót Jafnréttisráð sem vinni að jafnrétti á vinnumarkaði, þarf að skilgreina hlutverk þess betur. Það þarf að kveða á um hvar það skal vistað, hvernig það skal starfa og fá því sérgreint fjármagn svo það geti farið í aðgerðir eins og t.d. launakönnun, sbr. þá sem unnin var fyrir nokkrum árum. Þá þarf líka að tryggja aðkomu hins nýja Jafnréttisráðs að gerð þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum, sbr 9. gr. Verði þetta gert getur Jafnréttisráð orðið sú grasrótarhreyfing sem í reynd mótar stefnu í jafnréttismálum, sérstaklega á vinnumarkaði.

Í 4. gr. frumvarpsins er kveðið á um kærunefnd jafnréttismála. Þar er lagt til að kærunefndin verði áfram sjálfstæð stjórnarsýslunefnd sem gefi álit um ágreiningsefni málsaðila og að álit hennar verði ekki kæránleg til æðra stjórnvalds.

BSRB telur nauðsynlegt að kærunefnd jafnréttismála fái úrskurðarvald í ágreiningsefnum málsaðila.

BSRB telur jákvætt það sem lagt er til í 2. mgr. 13. gr. frumvarpsins um jafnréttisáætlanir stofnana eða fyrirtækja með fleiri en 25 manns og einnig það sem kemur fram í 11. gr. um jafnréttisfulltrúa í hvert ráðuneyti. Í framsögu félagsmálaráðherra, þegar hann fylgdi frumvarpinu úr hlaði, gætti þess misskilnings (eins og á fleiri stöðum í frumvarpinu) að slíkt leiði ekki kostnaðarauka.

BSRB fagnar því sem kemur fram í 17. gr. frumvarpsins þar sem hugtakið kynferðisleg áreitni er skilgreint, jafnframt sem skilgreindar eru ákveðnar skyldur atvinnurekanda og skólastjórnenda til að koma í veg fyrir hana, svo og hvernig staðið skuli að meðferð máls komi slíkt upp á vinnustöðum eða í skóla.

Að lokum tekur BSRB heilshugar undir 16. gr. þar sem kveðið er á um samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs.

F.h. BSRB


Þorveig Þormóðsdóttir,
formaður jafnréttisnefndar BSRB